
Bryndís Björgvinsdóttir

FLUGAN

SEM STÖÐVAÐI STRÍÐIÐ



ÍSLENSKU BARNABÓKA VERÐLAUNIN

Bryndís Björgvinsdóttir

Flugan sem stöðvaði stríðið

Fróðleg bók um
húsflugur og stríð fyrir stórar
manneskjur og litlar



Vaka-Helgafell

Flugan sem stöðvaði stríðið
© Bryndís Björgvinsdóttir, 2011

Vaka-Helgafell
Reykjavík 2011

Öll réttindi áskilin.

Bókin er gefin út með styrk úr Bókmenntasjóði

Myndir og kápa: Þórarinn Már Baldursson
Uppstilling kápu: Alexandra Buhl
Umbrot: Eyjólfur Jónsson
Letur í meginmáli: Bembo-Regular, 12/17 pt.
Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í
heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9979-2-2145-6

Vaka-Helgafell er hluti af Forlaginu ehf.
www.forlagid.is



Íslensku barnabókaverðlaunin

Flugan sem stöðvaði stríðið hlýtur Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2011. Að mati dómnefndar er þetta merkileg saga sem tvinnar saman mikilvægan boðskap og dillandi skemmtilega frásögn. Söguhetjurnar eru óvenjulegar og veita lesendum nýja sýn á hversdagslega hluti. Sagan flytur sterk skilaboð um frið en jafnframt sýnir hún að þeir litlu geta áorkað miklu ef þeir standa saman.


Bryndís Björgvinsdóttir var aðeins fimmtán ára gömul þegar hún sendi frá sér sína fyrstu bók: *Orðabók Ormars ofurmennis* sem hún skrifaði og myndskreytti ásamt vinkonu sinni, Auði Magndísi Leiknisdóttur. Bryndís er þjóðfræðingur að mennt og starfar m.a. við rannsóknarstörf og kennslu.

Verðlaunasjóður íslenskra barnabóka var stofnaður 30. janúar 1985 í tilefni af sjötugsafmæli Ármanns Kr. Einarssonar rithöfundar (1915–1999). Að sjóðnum standa fjölskylda Ármanns, bókaútgáfan Vaka-Helgafell, nú innan vébanda Forlagsins, IBBY á Íslandi og Barnavinafélagið Sumargjöf. Fulltrúar þessara aðila skipa dómnefnd sem velur úr handritum en einnig eru í henni hverju sinni tveir grunnskólanemar, fulltrúar lesenda. Að þessu sinni komu þeir úr Rimaskóla í Reykjavík og færir verðlaunasjóðurinn þeim og skólanum kærar þakkir fyrir dýrmæta aðstoð.

Megintilgangur sjóðsins er að örva fólk til að skrifa fyrir börn og unglinga og stuðla þannig að auknu framboði úrvalslesefnis fyrir æsku landsins. Sjóðurinn efnir árlega til samkeppni um Íslensku barnabókaverðlaunin sem veitt eru fyrir það handrit sem dómnefnd þykir best hverju sinni.

Íslensku barnabókaverðlaunin hafa verið veitt fyrir þessar bækur:

Emil og Skundi eftir Guðmund Ólafsson, 1986
Franskbrauð með sultu eftir Kristínu Steinsdóttur, 1987
Fugl í búri eftir Kristínu Loftsdóttur, 1988
Álagadalurinn eftir Heiði Baldursdóttur, 1989
Í pokahorninu eftir Karl Helgason, 1990
Gegnum þyrnigerðið eftir Iðunni Steinsdóttur, 1991
Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson, 1992
Brak og brestir eftir Elías Snæland Jónsson, 1993
Röndóttir spóar eftir Guðrúnu H. Eiríksdóttur, 1994
Eplasneplar eftir Þóreyju Friðbjörnsdóttur, 1995
Veislan í barnavagninum eftir Herdísi Egilsdóttur (texti) og Erlu Sigurðardóttur (myndir), 1995
Grillaðir bananar eftir Ingibjörgu Möller og Fríðu Sigurðardóttur, 1996
Risinn þjófótti og skyrfjallið eftir Sigrúnu Helgadóttur (texti) og Guðrúnu Hannesdóttur (myndir), 1996
Margt býr í myrkrinu eftir Þorgrím Þráinsson, 1997
Heljarstökk afturábak eftir Guðmund Ólafsson, 1998
Leikur á borði eftir Ragnheiði Gestsdóttur, 2000
Sjáumst aftur … eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur, 2001
Ferðin til Samiraka eftir Hörpu Jónsdóttur, 2002
Biobörn eftir Yrsu Sigurðardóttur, 2003
Leyndardómur ljónsins eftir Brynhildi Þórarinsdóttur, 2004
Háski og hundakjöt eftir Héðin Svarfdal Björnsson, 2006
Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar eftir Margréti Tryggvadóttur (texti) og Halldór Baldursson (myndir), 2006
Loforðið eftir Hrund Þórsdóttur, 2007
Steindýrin eftir Gunnar Theodór Eggertsson, 2008
Þvílík vika eftir Guðmund Brynjólfsson, 2009
Ertu Guð, afi? eftir Þorgrím Þráinsson, 2010
Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur, 2011



Einn morgun snjóaði svo mikið þar sem þessi saga hefst og endar að öll borgin hvarf undir skjannahvíta snjóbreiðu. Um stund minnti hún meira á ægistórt óskrifað blað en byggt ból – allt þar til íbúarnir fóru á stjá. Þeir óðu fannfergið fram og til baka og kölluðust á. Sumir runnu jafnvel til þegar þeir reyndu að feta sig áfram og ultu síðan um koll. Hundar stukku á milli skaflanna og geltu á þá sem duttu. Þeir glefsuðu í snjóflyksurnar sem svifu niður úr himninum og sveifluðu þráðbeinum skottunum eins og rúðuþurrkum í hríðarbyl. Nokkrar hænur ráku hausinn upp úr snjónum og litu spyrjandi í kringum sig. Þær gögguðu forviða út í loftið, enda vissu þær hvorki hvað sneri upp né niður í borginni lengur, nú þegar hún var skyndilega orðin jafnhvít og flekklaus og þær. Og inn á milli alls þessa – snjóflyksanna,

fólksins, hundanna og áttavilltu hænanna – mátti sjá enn einn hóp borgarbúa fara á kreik: Fjórar svartar húsflugur skáskutu sér fimlega á milli snjókornanna og beygðu fyrir næsta húsahorn í einfaldri röð. Þær voru á leið á aðalgötu borgarinnar þar sem blaðasali hafði komið sér fyrir inni í beygluðum blaðsölustandi.

„Lesið allt um atburði næturinnar!“ gólaði hann út í snjókomuna. Þó aðeins örfáum sinnum því fólk dreif að. Allir vildu fá að lesa og skoða nýjustu dagblöðin.

Flugurnar flugu yfir blaðasalann og innst inn í sölustandinn. Þar settust þær á dagblað og skoðuðu forsíðuna á meðan æ fleiri manneskjur komu aðvífandi og báðu blaðasalann um að rétta sér hin og þessi dagblöðin yfir búðarborðið. Hann teygði sig því eins og krossfiskur í allar áttir eftir fleiri og fleiri blöðum sem fólkið fyrir utan las og sýndi hvert öðru.

„Ekki láta óseldu blöðin blotna í snjókomunni!“ veinaði blaðasalinn þegar fólkið fyrir utan byrjaði að láta blöðin ganga á milli sín. Þau streymdu úr sölustandinum eins og lækur langt niður eftir götunni þar sem þau ýmist rennblotnuðu eða tættust í sundur. „Halló!“ æpti blaðasalinn vonleysislega. „Ekki fara í burtu með blöð sem á eftir að borga fyrir!“ En allt kom fyrir ekki. Þennan morguninn virtust allir vera vitlausir í dagblaðalestur – sama hvað blaðasalinn tautaði og raulaði.


Forsíða blaðsins sem flugurnar höfðu sest á var þakin bókstöfum í öllum stærðum og gerðum. Á henni miðri

var einnig flennistór ljósmynd. Flugurnar einblíndu niður fyrir sig, á þessa afskaplega óvenjulegu forsíðumynd. Og þegar þær litu upp á ný sáu þær að nákvæmlega sama myndin prýddi forsíður allra hinna dagblaðanna í sölustandinum. Öll blöðin fjölluðu um það sama. Þau sögðu frá stríðinu sem hafði endað svo óvænt nóttina áður. Umfjölluninni fylgdi þessi eina mynd – stór mynd af lítilli húsflugu, ekki svo ólíkri þeim sjálfum.

Húsflugurnar horfðu til skiptis á fluguna á forsíðunni og hamaganginn í fólkinu úti í snjónum. Þær voru allar að hugsa það sama. Þær vissu kannski ekki margt en þær vissu þó eftirfarandi: Enginn í heiminum gat útskýrt atburði næturinnar betur en þær sjálfar. Ekki einu sinni dagblöðin. Sjálfar höfðu þær þekkt fluguna á ljósmyndinni. Og sjálfar höfðu þær séð alla merkustu atburði næturinnar með sínum eigin margbrotnu og glöggu húsfluguaugum. Þess vegna fannst þeim sem þær einar gætu leitt manneskjurnar í allan sannleikann. Þær ætluðu því að reyna að segja frá því sem hafði gerst og leiddi til þess að stríðið hætti og ein lítil húsfluga komst á forsíður allra stærstu dagblaða heimsins.

UPPHAFIÐ

Nokkrum vikum fyrr,
í allt annarri borg,
í allt öðru landi



Flugan, Kolkex og Hermann Súkker

Herbergið var eitt flöktandi ljóshaf. Sjónvarpstækið lýsti upp hvítmáluðu veggina í gulu, bleiku eða bláu. Sófinn fyrir framan sjónvarpið var mannlaus en þó var ekki hægt að segja að enginn væri að fylgjast með sjónvarpsdagskránni. Á stóru heimskorti sem hékk rétt fyrir ofan auða sófann stóðu tvær húsflugur – þær Flugan og Kolkex. Sú síðarnefnda horfði stíft á sjónvarpsskjáinn. Flugan trítlaði hins vegar um heimskortið og skoðaði löndin sem lágu í belg og biðu við fætur hennar. Hún þrammaði áfram og þau breyttust við hvert skref sem hún tók, yfir landamæri, skóga og fjöll. Flugan gekk fram á ljósblátt stöðuvatn. Hún var að virða fyrir sér nokkra bókstafi sem flutu ofan á því eins og afkáraleg skip þegar Kolkex kallaði á hana.

„Flugan!“ kallaði Kolkex. „Sjáðu!“ Hún otaði öðrum

framfætinum eins og fjarstýringu að sjónvarpstækinu. Flugan leit upp, fram eftir mjóum og loðnum flugufæti Kolkexar og yfir á skjáinn. Þar blasti auglýsingin frá Sjónvarpsmarkaðinum við, sú sem Kolkex hafði séð fyrr um daginn þegar hún og manneskjurnar á heimilinu höfðu rétt lokið við að horfa á ástralskan framhaldsþátt. Auglýsingin hófst á sakleysislegum nótum, á rósóttum garðhönskum, lífrænum plastpokum og próteinríku fuglafóðri, en lauk engu að síður á einstöku sumartilboði á hátæknilegum rafmagnsflugnaspaða sem þulurinn sagði „snöggsteikja allar tegundir flugna á augabragði með vægu raflosti“. Manneskjurnar höfðu látið heillast af ódýra morðtólinu, tekið upp símann, hringt í Sjónvarpsmarkaðinn og, Kolkexi til mikillar skelfingar, pantað eitt stykki með bögglapósti og hraðsendingu.

„Þetta er hann!“ hrópaði Kolkex þegar flugnaspaðinn í auglýsingunni var sýndur takast á loft og rota einhverja aumingjans húsflugu úti í bæ til ólífis. Hann leit út eins og lítill tennisspaði. „Þetta er skaðræðistólið sem manneskjurnar hafa pantað inn á heimilið!“ hélt hún áfram. Flugan leit undan. Hún starði niður á heimskortið aftur, hrygg yfir að manneskjurnar sem þær höfðu búið með svo lengi hefðu „ákveðið í sameiningu,“ eins og Kolkex orðaði það fyrr um daginn, „að fá sér eitt bráðdrepandi tryllingstæki fyrir sumarið.“ Hún sem hafði hlakkað svo til hlýjunnar og birtunnar.

„Manneskjurnar eru ekki heima og bréfalúgan hefur

ekki bærst,“ var tilkynnt úr dyragættinni. Þetta var Hermann Súkker sem talaði, þriðja og elsta húsflugan á heimilinu. Hann hafði staðið vörð um útidyrnar, ef vera skyldi að spaðanum yrði troðið inn um bréfalúguna. Hann hlammaði sér niður mitt á milli vina sinna og andvarpaði af áhyggjum yfir nánustu framtíð þeirra.

„Það er verið að tala um þvottaefni í sjónvarpinu,“ sagði Kolkex stuttu síðar, þegar vinirnir höfðu þagað um stund hver í sínum heimi. Hún var óforbetranlegur sjónvarpssjúklingur, hún Kolkex, með botnlausan áhuga á mannfólkinu og uppátækjum þeirra. „Manneskjurnar hafa verið að þróa nýtt þvottaefni sem gerir þvottinn þeirra skjannahvítan eins og óskrifað blað,“ hélt hún áfram án þess að slíta augun af skjánum. „Undur og stórmerki!“ bætti hún við en Hermann lét sér fátt um finnast. Flugan virti hins vegar fyrir sér þvottaefnisbrúsann á skjánum sem í þessu var stillt upp fyrir framan háa og fagurhvíta þvottastafla sem minntu hana á smekklega blaðabunka.

„Ef ég væri manneskja myndi ég frekar vilja eiga bunka af blöðum en stafla af þvotti,“ sagði Hermann eftir örlitla umhugsun. „Þá myndi ég skrifa fróðlegar upplýsingar um húsflugur á blöðin. Kannski heila bók!“

„Það væri sniðugt,“ svaraði Kolkex að bragði. „Það þyrfti einhver að gera það. Skrifa um flugur. Þá gætu manneskjurnar lesið sér til um okkur húsflugurnar og kannski skilið okkur aðeins betur í kjölfarið.“

„Já, stundum furða ég mig á hversu lítið þær vita um

okkur," sagði Flugan. „Við eigum heimili með þeim en samt taka þær eiginlega aldrei eftir okkur."

„Einmitt, og skrýtnast er þó," hélt Kolkex áfram, „að manneskjunum detti aldrei í hug að gefa okkur almennileg nöfn. Nú er ég til dæmis búin að verja allri ævinni fyrir framan sjónvarpið með manneskjunum sem búa hérna með okkur en samt kalla þær mig aldrei neitt annað en flugu!"

„Það er nú ekki svo slæmt," svaraði Flugan þótt hún vissi vel að langflestar flugur vilja vera kallaðar einhverjum alvörunöfnum – allar flugur heita jú eitthvað, rétt eins og mannfólkið. Sumar húsflugur bera gamalgróin flugunöfn eins og Múska, Fígaró eða Kúkúrú. Aðrar bera nýstárlegri og sjaldgæfari nöfn eins og Bingó, Beilís eða Dæs. Einstaka flugur eru síðan kenndar við fæðingarstað sinn í þokkabót. Mamma Hermanns hét til að mynda Kakó frá Efri-Eldhússkáp og langafi Kolkexar var hinn söngelski og síðsuðandi Rop af Piparkvörn. Þannig er þetta með flugunöfnin, þau eru alls ekki einföld eða ómerkileg.

Þegar talið hafði borist að flugunöfnum komust húsflugurnar ekki hjá því að minnast dagsins þegar Flugan flutti inn á heimilið. Hún hafði skriðið inn um opinn glugga og dregist að hlýjunni og birtunni fyrir innan. Hún var hoppandi og skoppandi í gluggasyllunni eins og vængstýfður páfagaukur þegar Hermann Súkker og Kolkex sáu hana fyrst. Flugurnar settust þá hjá henni, bentu á hana, sögðu hana vera algjört krútt og spurðu

síðan hvor aðra: „Kom *flugan* inn um gluggann? Ætlar *flugan* ekkert að róa sig niður? Ætli *flugan* vilji búa hérna með okkur? Ætli *flugan* sé kannski svöng?“ Að endingu höfðu þær sagt flugan hitt og flugan þetta svo oft að sú stutta hélt það vera nafnið sitt, Flugan.

„Stundum finnst mér að við ættum að gefa Flugunni almennilegt flugunafn,“ sagði Hermann, sem sjálfur hét fullu nafni Hermann Súkker frá Efri-Eldhússkáp. Kolkex bar reyndar nokkra ábyrgð á því. Hún hafði klínt millinafninu á Hermann einn daginn þegar hún kom að honum ofan í hvítum bréfpoka sem bar áletrunina Sukker. Hermann hafði verið of saddur og slappur til að mótmæla uppnefninu sem festist síðan við hann.

„Hvað með að nefna hana *Vestur-Sahara*?“ spurði Hermann góðlátlega. Það leyndi sér þó ekki að hann var að lesa nærliggjandi staðarheiti af heimskortinu. „*Kanaríeyjar*? *Casablanca*?“ hélt hann ótrauður áfram. „*Tenerife*?“

Kolkex hló að Hermanni og horfði síðan yfir sjónvarpsherbergið í leit að fleiri skondnum nöfnum á Fluguna. Þá varð henni litið á sjónvarpsskjáinn eina ferðina enn. Og viti menn. Þar var að hefjast stutt heimildarmynd sem hafði verið auglýst nokkrum sinnum og Kolkexi langaði mikið að sjá. Þar sem Flugan og Hermann þekktu vel einskæra þörf Kolkexar fyrir sjónvarpsgláp fannst þeim réttast að gefa henni ró og næði. Hver vissi nema að brátt yrðu sjónvarpskvöldin hennar talin? Á meðan Kolkex öðlaðist frið til að sjúga í sig fróðleikinn úr sjón-

varpinu héldu Hermann og Flugan inn í eldhús. Þaðan var auðvelt fyrir flugurnar að fylgjast með útidyrahurðinni og bréfalúgunni um leið og þær athuguðu hvað til væri að éta.